

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirgreindan verðgrundvöll á loðnuafurðum fyrir framleiðslutímabilið 1. janúar til 15. maí 1973:

Loðnumjöl £ 1.68 á próteineiningu í lest.

Loðnulýsi £ 85.00 fyrir hverja lest.

Verðið miðast við Cif.

Verðbil verði ekkert fyrir loðnumjöl, en 5% fyrir loðnulýsi.

Greiðslur í eða úr sjóðnum miðist við 38% af verðbreytingu frá grundvallarverði á loðnumjöli en 40% á loðnulýsi að viðbættu eða frádregnu verðbili fyrir loðnulýsi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 6. febrúar 1973.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.

9. febrúar 1973.

Nr. 39.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Ísafjarðarkaupstað.

I KAFLI

TAKMÖRK HAFNARINNAR

1. gr.

Ísafjarðarhöfn takmarkast af línu er hugsast dregin frá Arnarnestá í Skarfasker. Innan nefndrar línu takmarkast hún af landinu á alla vegu.

II KAFLI

STJÓRN HAFNARINNAR

2. gr.

Bæjarstjórn Ísafjarðar hefur á hendi stjórn hafnarmálefna, undir yfirumsjón Hafnarmálastofnunar ríkisins og ráðuneytis þess sem fer með stjórn hafnamála. Bæjarstjórn kýs fimm manna hafnarstjórn og jafn marga til vara samkvæmt ákvæðum samþykktar um stjórn bæjarmálefna Ísafjarðarkaupstaðar. Auk hinna kjörnu fulltrúa skal hafnarvörður sitja fundi hafnarstjórnar með málfrelsi og tillögurétti.

Hafnarstjórn hefur á hendi framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni, sér um viðhald og umbætur á höfninni, stýrir öllum framkvæmdum, sem þar að lúta, og annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil fyrir hönd bæjarstjórnar.

3. gr.

Bæjarstjóri er hafnarstjóri, nema öðruvísi sé ákveðið af bæjarstjórn.

Bæjarstjórn getur ráðið hafnarstjóra, samanber hafnalög nr. 48/67 IV. kafla 11. gr., ef hún telur þess þörf.

4. gr.

Hafnarstjóri hefur fyrir hönd stjórnar yfirumsjón með viðhaldi og umbótum á höfninni, og stýrir öllum framkvæmdum er þar að lúta, og stjórnar fjárhaldi og daglegum rekstri hafnarinnar. Í hans umboði annast hafnarvörður daglegar framkvæmdir og eftirlit.

5. gr.

Bæjarstjórnin skipar fasta starfsmenn eftir tillögu hafnarstjórnar og setur þeim erindisbréf, en hafnarstjórn getur sagt þeim upp eða vikið þeim frá, án þess að til þurfi að koma samþykki bæjarstjórnar.

III KAFLI UM ALMENNAR REGLUR

6. gr.

Hafnarvörður sér um að gætt sé reglu á höfninni og landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans enn fremur þeirra starfsmanna annarra, er hafnarstjórn setur til þess að gæta reglu. Þykir einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjóra, en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar lipurðar og kurteisi í starfi sínu.

7. gr.

Þeim, sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma fermingu eða affermingu skipa eða hindra önnur störf sem þar eru unnin.

Einnig má banna ónauðsynlegan akstur hvers konar ökutækja um bryggjur, hafnarbakka og hafnarsvæði.

8. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum í höfninni, svo og á hafnarsvæðinu, og fara eftir þeim reglugerðum um brunavarnir og brunamál, er í gildi eru í kaupstaðnum hverju sinni.

Í skipum sem flytja eldfim efni, má ekki kveikja eld eða ljós nema fyllstu varúður sé gætt. Tóbaksreykingar eru bannaðar á því svæði sem unnið er að affermingu eða fermingu eldfimra efna.

Bannað er að sjóða tjöru, bik, fernisoliu eða annað slíkt, sem eldhætta getur stafað af, í skipum á höfninni, svo og á landi hafnarinnar, nema með leyfi hafnarvarðar.

9. gr.

Notkun skotvopna er bönnuð án leyfis innan takmarka hafnarinnar. Þá er skipum bannað að blása í flautur eða lúðra á innri höfninni frá kl. 24.00 að kveldi til kl. 07.00 að morgni, nema umferð gefi tilefni til.

10. gr.

Öllum skipum, farartækjum, svo og verksmiðjum, er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíu, lýsi eða annað slíkt og ber að hlíta í öllu reglugerð um varnir gegn óhreinun sjávar af völdum olíu, reglugerð sem sett er samkvæmt 3. gr. laga nr. 77/1966.

Í höfnina má ekki kasta kjölfestu, ösku, kolum, matarleifum, fiskúrgangi, vírum, tógum, vöruleifum, vöruumbúðum eða öðru þess háttar. Skal það flutt þangað sem hafnarvörður vísar til.

11. gr.

Geymsla á tónum benzintunnum eða ilátum undan eldfimum efnum, svo og öðru sem sprengi- eða eldhætta stafar af, er bönnuð á bryggjum, hafnarbökkum eða á hafnarsvæðinu.

12. gr.

Bannaður er hvers konar hvalskurður í og við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvaltegundir, eða neitt það sem getur valdið óþrifnaði, umferðartruflun eða óþægindum í höfninni, nema leyfi hafnarstjórnar komi til þess hverju sinni.

IV KAFLI UM HAFNSÖGU, LEGU SKIPA Á HÖFNINNI OG AFGREIÐSLU ÞEIRRA

13. gr.

Skip telst í reglugerð þessari hvert fljótandi far.

Ef skip, sem ekki hefur hafnsögumann um borð, kemur í höfnina, skal skipstjóri eða umbodismaður skipsins tafarlaust snúa sér til hafnarvarðar sem segir til um hvar skipið megi liggja. Ekkert íslenskt skip, sem er stærra en 400 brúttórúmllestir og ekkert erlent skip má fara inn í höfnina eða út úr henni án hafnsögumanns.

Hafnarstjórn getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessum.

Undanþegin eru öll fiskiskip er heima eiga á Ísafirði eða stunda þaðan veiðar, svo og bátur sá sem heldur uppi ferðum um Ísafjarðardjúp með styrk úr ríkissjóði.

14. gr.

Hafnsögumanni er heimilt að banna allar samgöngur við skip, áður en hann hefur lokið starfi sínu um borð. Ef sjúkdómur er í skipi, eða ef ástæða þykir til að ætla að sóthætta geti stafað af því ber hafnsögumanni að sjá um, að fylgt sé reglum þeim, sem settar eru í lögum um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands.

15. gr.

Hvert skip, sem ætlar til Ísafjarðar og ber að nota hafnsögumann, skal gera boð um það til hafnsögumanns, með hæfilegum fyrirvara, og skal hafnsögumanni skylt að fara til móts við skipið allt að yztu mörkum hafnarinnar, á þeim tíma sem óskað hefði verið. Hafnsögumaður vísar skipinu til hafnar og má eigi yfirgefa það án samþykkis skipstjóra, fyrr en skipið er lagzt við hafnarbakka.

Einnig er hafnsögumanni skylt að leiðbeina skipum á legu á hafnarlegu, ef skipstjóri óskar eftir því. En hafa verður hafnsögumaður samráð við hafnarvörð um hvar skipinu skal leggja.

Meðan hafnsögumaður dvelur um borð ber skipinu að sjá honum fyrir fæði.

16. gr.

Skip skulu að öðru jöfnu, nema hafnarverði þyki ástæða til vegna þrengsla í höfninni, fá afnot af hafnar og bryggjurými í þeirri röð, sem þau koma til hafnar. Þó skulu póst- og farþegaskip og skip, sem taka neyðarhöfn, undanþegin þessu ákvæði.

Verði ágreiningur um rétt á hafnar- eða bryggjurými sker hafnarvörður úr.

17. gr.

Eigi mega skip liggja á öðrum stöðum við hafnarbakka eða bryggju en þeim, sem hafnarvörður eða starfsmenn hafnarinnar hafa ákveðið. Heimilt er hafnarverði að flokka skip í legurúm við hafnarbakka, bryggjur eða bátakvíum, og er öllum viðkomandi skylt að hlýða fyrirmælum hans.

Skylt skal hverju skipi, að nota traustar og öruggar festartaugar, liggja skip í hliðarröðum út frá hafnarbökkum eða bryggjum, skal það setja traustar festar upp í hafnarbakka eða bryggju. Þyki hafnarverði ekki nægjanleg vel fest, eða festartaugar ótryggar, getur hann krafizt úrbóta hlutaðeigandi tafarlaust.

18. gr.

Þegar búið er að leggja skipi við festar, má ekki flytja það þaðan aftur án leyfis hafnarvarðar, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið, ef hafnarvörður skipar svo fyrir. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið, eða dragist flutningur þess fram yfir þann tíma, er hafnarvörður hefur tiltekið og fyrirskipað, er hafnarverði heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð hlutaðeiganda.

19. gr.

Ef nauðsyn ber til að skipum, sem fermd eru eða affermd við bryggju eða hafnarbakka, sé lagt hverju sinni við hliðina á öðru, er heimilt að flytja farm þeirra skipa, er utar liggja, yfir þilför hinna á bjálkabru, eða á annan hátt.

Svo er og skipshöfn og farþegum skipa, er utar liggja, heimil nauðsynleg umferð um þilför skipa, er nær liggja.

20. gr.

Skip, sem ekki ferma eða afferma eða ekkert er verið að vinna við, mega aldrei liggja svo á höfninni, að tálmi affermingu eða fermingu annarra skipa og þau skulu jafnan skyld að hlýða boðum hafnsögumanns, hafnarvarðar og annarra starfsmanna hafnarinnar, hvar þau megi liggja eða leggjast.

Skipum, sem ekki er verið að ferma eða afferma og liggja að nauðsynjalausu í innri höfn, getur hafnarvörður skipað að fara út, sé þess þörf, til þess að önnur skip geti komizt að til afgreiðslu.

Skipum má ekki leggja svo, að þau hindri eða tefji umferð um höfnina. Ef skipstjóri eða eigandi tregðast við að hlýða boðum hafnsögumanns eða hafnarvarðar um að flytja skipið, festa taugar eða strengi, er heimilt að gera það á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

Hafnarvörður getur fyrirskipað, að vörður sé um borð í skipum, ef honum finnst ástæða til.

21. gr.

Ekkert skip má liggja við dufl eða akkeri á innri höfninni, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar. Eigi má heldur teppa umferð með taugum, strengjum eða köðlum, nema hafnarvörður telji nauðsynlegt. Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós eða dagmerki.

22. gr.

Skip, sem koma inn í innri höfnina, skulu hafa að minnsta kosti eitt akkeri tilbúið í festarauga, og eigi skipið að leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skal hliðarbátum, botnvörpuhlerum og þess háttar tækjum sveiflað inn fyrir borðstokkinn, brandar dregnir inn og ráms snúið.

23. gr.

Eigi má festa skipum við hafnarbakka eða bryggjur, nema við festarstöpla eða festarhringi, að tilvísun hafnarvarðar. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri

sem minnst umferð á bryggjum og hafnarbökkum, og varúðarmerkjum komið fyrir á festaraugum, sem á landi liggja. Skyld er að hafa hlífar milli skips og bryggju eða hafnarbakka, ef hafnarvörður krefst þess.

24. gr.

Skipum, sem liggja bundin við bryggju eða hafnarbakka, er bannað, nema með leyfi hafnarvarðar, að láta aflvélar með viðtengdum gangskrúfum ganga með svo miklu afli, að hafnarmannvirkjum stafi hætta af, eða valdi öðrum skipum óþægindum eða hættu.

25. gr.

Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að álitu hafnarvarðar tálmar greiðari notkun hafnarinnar, skal færa það burt svo fljótt sem auðið er.

Verði dráttur á því, má hafnarvörður láta færa skipið burt á kostnað eiganda og er hafnarnefnd heimilt að láta selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Áður en kjölfesta er flutt í skip eða úr, skal hafnarverði gert viðvart. Ákveður hann hvar það skuli fram fara. Skal skipstjóri sjá um að kjölfesta sú, sem flutt hefur verið í land úr skipi hans, sé þegar í stað flutt burt af löndunarstaðnum, þangað sem hafnarvörður vísar til.

27. gr.

Þegar lokið er fermingu eða affermingu, skal farmeigandi eða skipseigandi ef þörf gerist, þrifa bryggju þá eða hafnarbakka, sem notað hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarvörður sjá um, að það sé gert, en farmeigandi eða skipseigandi greiði allan kostnað, sem af því leiðir.

28. gr.

Bannað er að leggja skipum í hafnarfjörur þannig, að það bagi vinnu við höfnina.

Enginn má, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar, láta skip standa yfir fjöru við hafnarbryggjur.

29. gr.

Bátahafnirnar á Ísafirði eru fyrst og fremst ætlaðar til afnota fyrir innanbæjar-skip og báta, sem fiskveiðar stunda á Ísafirði og leggja þar upp afla sinn, eða eru í stöðugum flutningum milli Ísafjarðar og annarra hafna.

Þar næst fyrir innanbæjar skip og báta, sem fiskveiðar stunda og leita þar hafnar eða hafa þar viðdvöl, þótt þau leggi upp afla sinn annars staðar, um stundarsakir eða að staðaldri. Þar næst fyrir utanbæjarskip og báta, sem gerðir eru út frá Ísafirði og leggja þar upp afla sinn. Þar næst fyrir önnur skip eftir því sem rúm leyfir.

Verði meiri aðsókn fiskiskipa að notkun bátahafnanna en rúm leyfir að verði komið, fer um rétt skipa og báta til afnota af henni í þeirri röð, sem að framan greinir. Þó er öllum skipum og bátum heimilt að leita skjóls á bátahöfninni í óveðrum, eftir því sem rúm frekast leyfir.

30. gr.

Önnur afnot af bátahöfnunum en þau er fiskveiðar varða, svo sem ferming og afferming vara, viðlega vegna viðgerðar, geymsla skipa, sem eru í notkun um stundarsakir eða til langframa o. s. frv. eru því aðeins heimil að til komi leyfi hafnarvarðar hverju sinni. Öll slík leyfi gilda aðeins til bráðabirgða, eða þar til hafnarvörður ákveður annað.

31. gr.

Sérstakt leyfi hafnarnefndar þarf í hvert sinn til þess að leggja megi á höfninni skipum sem ætluð eru til geymslu eða lagt er í lægi til langframa.

V KAFLI
UM FERMINGU OG AFFERMINGU ELDFIMRA EFNA

32. gr.

Skip, sem flytja eldfim efna, svo sem steinolíu, benzín, terpentínu, acetón eða önnur slík efni, sprengiefni, svo sem púður, dynamit, geomet eða þess konar efni, mega ekki fara inn í innri höfn, nema þau hafi fengið til þess leyfi hafnarvarðar og slökkviliðsstjóra hafi verið tilkynnt um farminn. Um útskipun í skip á farmi, sem um getur í grein þessari, gilda sömu reglur og um affermingu.

33. gr.

Skyllt er að hafa öryggisvörzlu við skip, sem ferma eða afferma vörur, sem um getur í 32. gr. Álíti hafnarvörður, að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er honum heimilt að stöðva verkið, unz gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðarráðstafanir. Kostnað við öryggisvörzlu greiðir farmflytjandi eða farmeigandi.

Skip, sem flytja eða hafa meðferðis þau eldfimu efni, sem um getur í 32. gr., skulu að degi til hafa rautt flagg í framsíglu, en að nóttu rautt ljós.

VI KAFLI
UM GJÖLD TIL HAFNARINNAR

34. gr.

Öll skip skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar.

Öll gjöld til hafnarinnar greiðast af brúttóstærð skipanna eins og hún er mest.

Undanþegin lestagjald og bryggjugjald eru herskip, skemmtiferðaskip, íslensk vitaskip og varðskip.

35. gr.

Lestagjald.

- a. Öll farmskip, önnur en strandferðaskip, og öll fiskiskip, stærri en eða jafnt og 400 brúttórúmllestir skulu greiða lestagjald, kr. 3.00 á brúttórúmllest.
 - b. Strandferðaskip greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest.
 - c. Fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum greiða kr. 3.00 á brúttórúmllest, þó ekki oftast en tvisvar í mánuði.
 - d. Heimabátar, minni en 10 brúttórúmllestir, greiða lesta- og bryggjugjald einu sinni á ári, kr. 200.00 af hverri brúttórúmllest. Lágmarksgjald skal vera kr. 1 000.00.
- Gjaldnagi er 1. apríl, eftir að skipið hefur verið gert út frá höfninni í 3 mánuði.

36. gr.

Bryggjugjöld.

Öll skip, sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka, skulu greiða kr. 1.50 á brúttórúmllest fyrir hvern sólarhring eða hluta úr sólarhring, sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip, 10—399 brúttórúmllestir, greiði gjald þetta eigi oftast en 10 sinnum á mánuði, en bátar minni en 10 brúttórúmllestir, greiði ekkert bryggjugjald.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum, minni en 400 brúttórúmllestir, sem árgjald í heimahöfn, kr. 162.00 af hverri brúttórúmllest.

37. gr.

Hafnsögugjald.

Öll erlend og innlend skip skulu skyld að greiða hafnsögugjald í hvert sinn, sem þau koma á innri höfnina, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki. Innri höfnin er Pollurinn og Sundin að línu, er hugsast dregin þvert yfir Sundin úr Norð-urtangarífi. Auk þess telst til innri hafnar Hnifdsdalsbryggja ásamt 150 m radíus um hana.

Fiskiskip, skrásett á Ísafirði, skulu greiða hafnsögugjald einu sinni á ári, er þau koma í fyrsta sinn til hafnar á árinu, nema því aðeins að þau njóti leiðsagnar hafnsögumanns. Hið sama skal gilda um öll önnur innlend fiskiskip undir 400 brúttórúmllestum.

38. gr.

Hafnsögugjald skal greiða sem hér segir:

- a. Fyrir leiðsögn til og frá höfninni, kr. 1 000.00 fyrir hvert skip. Auk kr. 2.00 fyrir hverja brúttórúmllest nema strandferðaskip sem sigla eftir fastri áætlun. Þau greiði kr. 1.00 á brúttórúmllest.
- b. Fyrir færslu skipa um höfnina kr. 1 000.00.

39. gr.

Vörugjöld.**1. fl.: Gjald kr. 70.00/tonn:**

- a. Vara flutt í lausu máli í miklu magni, meira en 100 tonn í farmi., t. d. benzín, brennsluolíur, kol, korn, salt, vikur.
- b. Þungavarningur, sekkjavörur, óönnið járn og stál til iðnaðar eða mannvirkja-gerðar, hráefni til iðnaðar, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir og iðnaðarvörur til útflutnings.

2. fl.: Gjald kr. 150.00/tonn:

Iðnaðar og byggingavörur, unnar og hálfunnar, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir, vefnaðarvörur, fatnaður.

3. fl.: Gjald kr. 400.00/tonn:

- a. Vélar og tæki hvers konar og varahlutir til þeirra, heimilisvélar og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsgögn. Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur alls konar, vín, tóbak, ilmvötn, snyrtivörur.

Af flutningi vinnutækja innanlands, skal veita allt að 50% afslátt.

- b. Vörur, sem ekki verða flokkaðar annars staðar, eftir þyngd.

4. fl.: Gjald kr. 40.00/rúmmeter:

Timbur og annað eftir rúmmáli.

5. fl.: Gjald 1%.

Sjávarafli, lagður á land á hafnarsvæðinu, til vinnslu eða brottflutnings. Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t. d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjald fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs, þótt hann vanræki innheimtu þess. Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 20.00.

40. gr.

Ef vörur samkvæmt farmskrá skips eiga að fara til annarra hafna en Ísafjarðar, og eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald, þegar vörurnar eru fluttar á land.

Af vörum, sem fluttar eru úr landi á skip, og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálfvörugjald. Sama gegnir um afla skipa, sem fluttur er milli skipa.

41. gr.

Undanþegnar vörugjaldi eru þessar vörur:

- a. Vörur samkvæmt farmskrá skips, sem eiga að fara til annarra hafna á landinu, ef þær eru ekki settar í land.
- b. Allar vistir og nauðsynjar til skipa til eigin notkunar.
- c. Bréfaþóstur, farþegaflutningur, vörur til hafnarinnar og fyrirtækja bæjarsjóðs, innlend nýmjólk og rjómi, sem flyzt til hafnarinnar.
- d. Umbúðir, sem endursendar eru, enda sé þess getið á farmskránni.
- e. Vörur, sem látnar eru í land um stundarsakir, vegna skemmda á skipi.

42. gr.

Vörugjald skal reikna eftir máli eða þyngd með umbúðum. Brot úr gjaldeiningu, sem nemur helmingi eða meira, telst heil eining, en minni brotum en hálfri einingu skal sleppt. Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikninga vörugjalds, og er skipstjóra skylt að láta hafnarskrifstofunni í té afrit af farmskrá skips síns. Sé engin farmskrá, skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn, sem skip hans hefur fermt eða affermt. Þyki bæjarskrifstofunni ástæða til, getur hún hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt, sem hún telur hentugastan. Reynist vörumagnið meira en upp var gefið, greiðir skipið kostnaðinn.

Ef ýmsar vörutegundir eru í vörusendingunni og beri farmskrá ekki með sér greinilega sundurliðun í tegundir, skal reikna vörugjald eftir þeirri tegund, sem hæst gjald ber að greiða af.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því, sem vörugjaldskráin til tekur og greiða gjald eins og þar segir. Ef vafi leikur á í hvaða flokki skal telja vöru, skal hafnarstjóri úrskurða, en úrskurði hans má áfrýja til hafnarnefndar.

43. gr.

Ýmis gjöld til hafnarinnar.

Fyrir lóðir og lendur hafnarinnar, geymsluhús sem leigt er einstökum mönnum eða félögum, um lengri eða skemmri tíma, skal greiða leigugjald, sem ákveðið verður með samningum við hafnarnefnd.

Leiga eftir báta, áhöld og tæki hafnarinnar, svo og lán á landfestum og aðstoð veitt af starfsmönnum hafnarinnar greiðist eftir gjaldskrá sem hafnarnefnd setur. Fyrir vatn og rafmagn handa skipum skal greiða gjald, sem hafnarnefnd ákveður.

VII KAFLI

INNHEIMTA OG GREIÐSLA HAFNARGJALDA

44. gr.

Bæjargjaldkeri sér um og annast innheimtu allra hafnargjalda, og skal greiða gjöldin á skrifstofu hans.

Gjald dagar árgjalda eru 2. janúar og 2. júlí.

45. gr.

Skipstjóri og eigandi skips ber ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra, sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins.

Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarverði eða hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskirteini skipsins, ef hafnarvörður krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt á skipinu, unz gjöld eru greidd. Að svo miklu leyti, sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum, skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni, og enginn skipstjóri getur fengið afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta, nema hann sanni með vottorði frá bæjarskrifstofunni, að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

46. gr.

Vörugjöld samkvæmt 39. gr. greiðir móttakandi af vörum, sem koma til hafnarinnar, en sendandi af vörum, sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur með sama skipi, skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslunni. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan, ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins. Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað, greiðir sá vörugjaldið er affermir. Vörugjöld af vörum, sem koma til hafnarinnar, falla í gjalddaga þegar skipið, sem vörurnar flytur, er komið í höfnina og vörugjald af vörum, sem fluttar eru úr höfninni, fellur í gjalddaga, þegar vörurnar eru komnar á skip.

Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar, unz gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í vörum til tryggingar gjaldinu. Leiga á lóðum og húsum hafnarinnar, svo og leigur eftir báta, áhöld og tæki hafnarinnar samkv. 43. gr. greiðir leigutaki.

47. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki og hafa þau sama forgangsrétt og önnur opinber gjöld, samkvæmt VI. kafla hafnalaga, 12. gr., auk þess eru skipagjöld tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir öllum sammingsveðskuldum. Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjöld, bryggjugjald, hafnsögugjald og vatns- og rafmagnsgjald, gjöld fyrir báta og tæki og aðra aðstoð sem höfnin lætur í té fyrir skipið.

VIII. KAFLI ÝMIS ÁKVÆÐI

48. gr.

Þeir munir eða vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju eða hafnarbakka og eigi annars staðar á landi hafnarinnar, en þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu, nema með sérstöku leyfi hafnarvarðar.

Skal flytja í burt muni og vörur jafnskjótt og hafnarvörður krefst þess. Sé það eigi gert lætur hafnarvörður gera það á kostnað og ábyrgð eiganda, eða umboðsmanns hans.

49. gr.

Um skaðabótaskyldu fyrir skemmdir á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum, fer eftir almennum reglum. Ef samningi verður ekki við komið um skaðabætur, skulu þær ákveðnar af tveim óvilhóllum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því er matsgerð lauk. Yfirmat skal framkvæmt af þremur óvilhóllum dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá, sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil. Að öðrum kosti greiði hinn aðilinn kostnaðinn.

50. gr.

Nú veldur skip skemmdum á höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni, áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra og/eða hafnarnefndar.

51. gr.

Hafnarverði skal tilkynnt um allt það, sem bjargað er í höfninni, en hann gefur aftur lögreglunni skýrslu um það.

52. gr.

Hverja þá skipun, sem samkvæmt reglugerð þessari má gefa skipi, skal gefa stýrimanni, ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina, og er það jafngilt sem skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

53. gr.

Allir, sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér til hafnarstjóra eða hafnarvarðar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld til hafnarinnar.

54. gr.

Innan innri hafnar má ekki sigla skipum hraðar en sem svarar 4 mílum á klst. nema sérstaklega standi á.

55. gr.

Meðfram strandlengju hafnarsvæðisins má ekki gera nein mannvirki, nema til komi leyfi hafnarnefndar og samþykki ráðuneytisins samkvæmt IV. kafla hafnalaga, 17. gr.

56. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggí við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Ísafjarðar.

57. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 48 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur niður hafnarreglugerð fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 96 29. maí 1964 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 9. febrúar 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Kristinn Gunnarsson.